

180. aðalráðstefna
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
október 2010

„[Kom] til mín í einlægum ásetningi, og ég mun gjöra [þig heilan]“

Öldungur Patrick Kearon
af hinum Sjötíu

Í kvöld ætla ég að miðla boðskap huggunar og lækningar, sem ætlaður er öllum þeim sem eru einmana eða yfirgefnir, án friðar í huga og hjarta eða finnst þeir hafa glatað sínu síðasta tækifæri. Algjöra lækningu og frið má finna við fætur frelsarans.

Þegar ég var sjö ára gamall og átti heima á Arabíuskaga, brýndu foreldrar mínir stöðugt fyrir mér að vera *alltaf* í skónum, og mér var ástæðan ljós. Ég vissi að skórnir vörðu fætur mína gegn hinum mörgu hættum óbyggðarinnar, svo sem snákum, sporðdrekum og þyrnum. Morgun einn, eftir næturlanga útilegu í óbyggðunum, hugðist ég kanna landið, en hafði ekki fyrir því að fara í skóna. Ég taldi mér trú um að það væri í lagi, því ég færi ekki langt og héldi mig nærri tjaldsvæðinu. Í stað skónna fór ég í sandala. Ég taldi mér trú um að sandalar væru skór – einhvers konar skór. Og hvað gæti svo sem gerst?

Þegar ég gekk um svalan sandinn – í sandölunum mínum – fannst mér líkt og þyrnir hefði stungið mig í ilina. Ég leit niður fyrir mig og sá ekki þyrni, heldur sporðdreka. Þegar ég áttaði mig á sporðdrekanum og því sem gerst hafði, fann ég sársaukann af stingnum streyma upp fótlegginn. Ég greyp efst um fótlegginn, reyndi að stöðva nístandi sársaukann frá því að breiðast út og kallaði á hjálp. Foreldrar mínir komu hlaupandi frá tjaldsvæðinu.

Faðir minn kramdi sporðdrekan með skóflu og fullorðinn vinur, sem var með okkur í útilegunni, sýndi þá hetjudáð að reyna að sjúga eitrið úr fætinum. Á þessari stundu hélt ég að ég mundi deyja. Ég kjökraði er foreldrar mínir fóru með mig í bílinn og óku hratt í gegnum óbyggðirnar að næsta sjúkrahúsi, sem var í um tveggja klukkustunda fjarlægð. Sársaukinn var óbærilegur og læsti sig um allan fótinn og alla leiðina var ég viss um að ég væri að deyja.

Þegar við loks komum á sjúkrahúsið, fullvissaði læknirinn okkur þó um að aðeins ungbörnum og verulega líkamsfötluðum stæði hætta af eitri þessa sporðdreka. Hann gaf mér deyfilyf, svo allur sársauki hvarf. Innan sólarhrings voru öll áhrif sporðdrekaeitursins horfin. En ég hafði lært mikilvæga lexíu.

Mér varð ljóst, að þegar foreldrar mínir sögðu mér að vera í skóm, áttu þau ekki við sandala; ég var nægilega gamall til að vita að sandalar veittu ekki sömu vörn og hefðbundnir skór. En í óbyggðunum þennan morgun, virti ég að vettugi það sem ég vissi að var rétt; ég leiddi hjá mér það sem foreldrar mínir höfðu stöðugt kennt mér. Ég hafði bæði verið latur og örlítið mótþrágjarn og galdið fyrir það.

Þegar ég tala til ykkar hugrökku ungu manna, feðra ykkar, kennara, leiðtoga og vina, lýsi ég yfir virðingu minni fyrir öllum þeim sem af kostgæfni reyna að verða það sem Drottinn þarfnast og vill að þeir verði. En af eigin reynslu sem drengur og sem maður ber ég vitni um, að ef við virðum að vettugi það sem við vitum að er rétt, hvort heldur sökum

leti eða mótþróa, hefur það alltaf í för með sér óæskilegar og andlega skaðlegar afleiðingar. Nei, sporðdrekinn ógnaði ekki lífi mínu þegar upp var staðið, en hann olli mér gríðarlegum sársauka og foreldrum mínum mikilli angist. Þegar fagnaðarerindið er annars vegar megum við ekki sýna leti eða mótþróa.

Sem meðlimir kirkju Jesú Krists og prestdæmishafar, þekkjum við boðorðin og reglurnar sem við höfum gert sáttmála um að virða. Þegar við veljum annan veg en þann sem við vitum að er réttur, líkt og foreldrar okkar og leiðtogar hafa kennt okkur, og heilagur andi hefur staðfest í hjarta okkar, er það líkt og að ganga út í óbyggðirnar í bandaskóm í stað hefðbundinna skóa. Við reynum þá að réttlæta leti okkar og mótþróa. Við teljum okkur trú um að við séum í raun ekki að gera neitt rangt, að það skipti ekki máli og að ekkert svo slæmt geti hlotist af því að sleppa aðeins takinu á járnstönginni. Við huggum okkur kannski við þá hugsun að allir aðrir geri það – og jafnvel það sem verra er – að það hafi hvort eða er ekki neikvæð áhrif á okkur. Einhvern veginn sannfærum við okkur um að við séum undantekning frá reglunni og séum því ónægir fyrir afleiðingunum sem af hljóttast. Við neitum stundum af ásettu ráði að sýna „algjöra hlýðni“¹ – líkt og segir í ritinu *Boða fagnaðarerindi mitt* – og við gefum Drottni ekki hluta af hjarta okkar. Og þá kemur stungan.

Ritningarnar kenna okkur að „Drottinn [*krefjist*] *hjartans*“², og að okkur sé boðið að elska Drottin og þjóna honum af „öllu hjarta“³. Loforðið er að við „[megum] standa saklausir frammi fyrir Guði á efsta degi“ og komast aftur í návist hans⁴.

Antí-Nefí-Lehítar í Mormónsbók lögðu niður stríðsvopn sín, grófu þau djúpt í jörðu og gerðu sáttmála um að berjast aldrei aftur við bræður sína. En þeir gerðu meira en það. „Þeir urðu réttlát þjóð,“ því „þeir lögðu niður uppreisnarvopn sín, svo að þeir berðust aldrei frammar gegn Guði.“⁵ Þeir snerust svo algjörlega og djúpstætt til trúar að þeir urðu „aldrei fráhverfir.“⁶

En hafið í huga ástand þeirra áður en þeir snerust til trúar – að sögn ritninganna lifðu þeir þannig að þeir voru „í beinni andstöðu við Guð.“⁷ Þar sem þeir voru mótþróafullir í hjarta var „ástand þeirra andstætt eðli hamingjunnar,“ því þeir höfðu „orðið andstæðir eðli Guðs.“⁸

Þegar þeir höfðu lagt niður *uppreisnarvopn* sín, gerðu þeir sig reiðubúna að taka á móti lækningu og friði Drottins, og það getum við einnig. Frelsarinn fullvissaði: „Ef þeir herða ekki hjörtu sín og gjörast ekki harðsvíraðir gegn mér, munu þeir snúast til trúar og *ég mun lækna þá*.“⁹ Við getum tekið á móti boði hans um að „[snúa] til baka og [iðrast] og [koma] til [hans] í einlægum ásetningi, og [hann] mun gjöra [okkur] heila.“¹⁰

Það sem er andstætt þessari undursamlegu lækningu og gerist „þegar við reynum að hylja syndir okkar eða seðja hroka okkar og fánýta metorðagirnd, ... [er að] þá draga himnarnir sig í hlé. Andi Drottins tregar“ og við erum skildir einir eftir „til að spyrna gegn broddunum ... og berjast gegn Guði.“¹¹

Bræður, við finnum aðeins lækningu og líkn þegar við komum fyrir fætur hins mikla græðara, frelsara okkar Jesú Krists. Við verðum að leggja niður uppreisnarvopn okkar (og hver fyrir sig veit hver þau eru). Við verðum að láta af syndum okkar, hégóma og hroka. Við verðum að láta af þeirri þrá að fylgja heiminum og sækjast eftir lofi hans og hrósi. Við verðum að láta af því að berjast gegn Guði og þess í stað gefa honum *hjarta okkar*

heilskipt, án þess að halda nokkru eftir. Þá megnar hann að lækna okkur. Þá megnar hann að hreinsa okkur af eitri syndar.

„Guð sendi ekki soninn í heiminn til að dæma heiminn, heldur að heimurinn skyldi frelsast fyrir hann.“¹²

James E. Faust forseti sagði: „Þegar hlýðni verður markmið okkar, hættir hún að vera ergjandi; hún verður okkur til uppbyggingar í stað hindrunar. ... Hlýðni leiðir til raunverulegs frelsis. Því betur sem við hlýðum opinberuðum sannleika, því meira verður frelsi okkar.“¹³

Í síðustu viku hitti ég 92ja ára gamlan mann, sem tekið hafði þátt í mörgum stórum herferðum Síðari heimsstyrjaldarinnar. Hann hafði lifað af þrjú banatilræði og eitt þeirra gerðist þegar herjeppi sem hann var í ók á jarðsprengju er varð bílstjóranum að bana. *Hann lærði að til að komast yfir jarðsprengjusvæði verður að fylgja nákvæmlega í hjólför farartækisins sem á undan fer. Sérhvert frávik til hægri eða vinstri gat reynst örlagaríkt – sem það og gerði.*

Spámenn og postular okkar, leiðtogar og foreldrar, varða stöðugt leiðina sem við verðum að fylgja, ef við viljum komast hjá því að sál okkar skaðist. Þau þekkja leiðina sem hefur verið vandlega hreinsuð af jarðsprengjum (eða jafnvel sporðrekum) og óþreytandi biðja þau okkur að fylgja sér eftir. Það eru svo margar skaðlegar gildirur sem lokka okkur af slóðinni. Eiturlyf, áfengi, klám eða ósæmleg hegðun á netinu eða í tölvuleik, leiðir okkur beina leið í átt að sprengju. Frávik til hægri eða vinstri af hinni öruggu slóð framundan, hvort heldur vegna leti eða mótþróa, getur orðið okkur örlagarík. Það eru engar undantekingar frá þessari reglu.

Ef við höfum villst af leið, getum við breytt stefnu okkar og snúið til baka. Við getum tekið gleði okkar að nýju og fundið innri frið. Við munum komast að því, að þegar við komumst á slóðina, sem hefur verið hreinsuð af jarðsprengjum, þá er léttirinn mikill.

Enginn getur fundið frið á jarðsprengjusvæði.

Frelsari okkar er friðarhöfðinginn, hinn mikli græðari, hinn eingetni, sem sannlega megnar að hreinsa okkur af eitri syndar og hroka, og snúa okkar mótþróafulla hjarta til trúar og gera það að sáttmálshjarta. Friðþæging hans er óendanleg og umlykur okkur alla.

Boðið sem hann gaf Nefítum, þegar hann veitti þeim þjónustu sem upprisinn Kristur, er enn í gildi fyrir okkur: „Eru nokkrir sjúkir yðar á meðal? Færið þá hingað. Eru einhverjir lamaðir, blindir, haltir, særðir, holdsveikir, tærðir, daufir eða þjáðir á einhvern hátt? Færið þá hingað, og ég mun gjöra þá heila.“¹⁴

Ekki einn ykkar hefur glatað sínu síðasta tækifæri. Þið getið breyst, þið getið komið til baka, þið getið gert tilkall til miskunnar. Komið til hins eina sem megnar að græða og þið verðið fylltir friði. Í nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. *Boða fagnaðarerið mitt: Leiðarvísir að trúboðsþjónustu* (2004), innanverð baksíða.

2. K&S 64:34, leturbr. hér.
3. K&S 4:2; 59:5; leturbr. hér.
4. K&S 4:2.
5. Alma 23:7, leturbr. hér.
6. Alma 23:6.
7. Mósía 2:37; Alma 3:18; sjá einnig Morm 2:15.
8. Alma 41:11.
9. K&S 112:13; leturbr. hér.
10. 3 Ne 18:32.
11. K&S 121:37, 38.

12. Jóh 3:17.
13. James E. Faust, „Obedience: The Path to Freedom,“ *Liahóna*, júlí 1999, 55, 53.
14. 3 Ne 17:7; leturbr. hér.